

Minnisblað vegna áfengisgjalds

Minnisblað þetta er tekið saman að beiðni fjármálaráðuneytis vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum nr. 96/1995 um gjalddaga af áfengi. Breytingatillögurnar eru til komnar vegna athugasemda ESA varðandi ólíkar reglur vegna ábyrgða og viðurlaga í kjölfar greiðsludráttar hjá innflytjendum og framleiðendum áfengis.

Vísast til fyrri minnisblaða fjármálaráðuneytis vegna málsins, dags. 12. júní 2003 og 16. febrúar 2004 (tölvupóstur sem barst embættinu 16/2/2004 með ódagsettu minnisblaði).

Ábyrgðir

Sú framkvæmd sem hefur viðgengist varðandi ábyrgðir á greiðslu áfengisgjalds, hjá embætti tollstjórans í Reykjavík, byggði upphaflega á ákvæðum reglugerðar nr. 640/1989 um greiðslufrest á virðisaukaskatti og öðrum aðflutningsgjöldum í tolli með síðari breytingum. Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar var gert ráð fyrir að innflytjandi skilaði inn yfirlýsingu banka, sparisjóðs eða viðurkennds tryggingar- eða ábyrgðarfélags, með umsókn um greiðslufrest á áfengisgjaldi. Yfirlýsingin skyldi kveða á um skilyrðislausu sjálfskuldarábyrgð á tiltekinni fjárhæð lánaðs áfengisgjalds og taka til áfengisgjalds sem innflytjanda hafði verið veittur gjaldfrestur á auk dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leiða kynni af vanefndum. Innflytjandi ákvað fjárhæð ábyrgðarinnar sem jafnframt var hámark þeirrar fjárhæðar áfengisgjalds sem gjaldfrestur var veittur á. Ábyrgðin var ótímabundin og uppsegjanleg af hálfu ábyrgðaraðila með ábyrgðarbréfi til viðkomandi tollstjóra með þriggja mánaða fyrirvara. Eftir uppsögn ábyrgðar var tollstjóra óheimilt að tollafgreiða vörur á lánskjörum til viðkomandi innflytjanda nema önnur ábyrgð væri sett í staðinn. Víkja mátti frá kröfum um sjálfskuldarábyrgð að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þ.e. hafi innflytjandi haft leyfi til einfaldari tollmeðferðar, ekki verið í vanskilum með opinber gjöld til ríkissjóðs þegar beiðni um greiðslufrest var borin fram og haft verslunar- eða iðnaðarleyfi í a.m.k. þrjá mánuði áður en beiðni um greiðslufrest á áfengisgjaldi var borin fram. Kæmi í ljós að innflytjandi uppfyllti ekki lengur ofangreind skilyrði bar tollstjóra þegar í stað að krefjast ábyrgðar.

Með tilkomu reglugerðar nr. 390/1999 um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, var þessu fyrirkomulagi breytt. Samkvæmt þeirri reglugerð er ekki gert ráð fyrir skyldu til framlagningar ábyrgðar vegna greiðslufrests á áfengisgjaldi. Segir þar orðrétt í 3. tl. 4. gr. reglugerðarinnar: „Uppgjörstímabil skráðra áfengisinnflytjenda vegna greiðslufrests á áfengisgjaldi við innflutning eru frá 1. til 15. hvers mánaðar og frá 16. til loka hvers mánaðra. Gjalddagi er annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils. Ríkistollstjóri getur, til að tryggja skil áfengisgjalds í ríkissjóð, sett tiltekið hámark á fjárhæð áfengisgjalds sem heimilt sé að lána einstökum áfengisinnflytjendum á uppgjörstímabili og gert að skilyrði að sett verði trygging fyrir lánuðu áfengisgjaldi umfram þá fjárhæð. [...]” Hér er um heimildarákvæði að ræða fyrir ríkistollstjóra sem þá var (nú fjármálaráðuneytið eða tollstjórann í Reykjavík e.a. – líklega fjármálaráðuneytið) til að krefjast tryggingar ef fjárhæð skuldfærðs

áfengisgjalds færi yfir tiltekið hámark. Ríkistollstjóri gaf aldrei út tilkynningu um framangreinda hámarksfjárhæð og því síður fjármálaráðuneytið eða tollstjórinn í Reykjavík. Hugmyndafræðin að baki framlagningar tryggingar var sú að hennar yrði einungis krafist ef innflytjandi færi yfir þetta tiltekna hámark. Þar sem hámarksfjárhæðin var aldrei sett var ekki krafist tryggingar, eftir gildistöku reglugerðarinnar.

Nánari upplýsingar um söguleg atriði í tengslum við mál þetta ættu að liggja fyrir í fjármálaráðuneytinu.

Það er mat tollstjórans í Reykjavík að ekki sé óeðlilegt að sömu skilyrði gildi fyrir skuldfærslu áfengisgjalds sem og annarra gjalda sem aðilum er treyst til að fá skuldfærð. Óeðlilegt er að krafist sé hárra trygginga vegna greiðslufrests á áfengisgjaldi af tiltekinni vöru sem á sama tíma ber önnur gjöld svo sem virðisaukaskatt, en hann fæst skuldfærður án framlagningar tryggingar. Lögð skal áhersla á að í þeim tilvikum sem heimilað er að skuldfæra virðisaukaskatt er oft á tíðum um verulegar fjárhæðir að ræða og ekki lægri en þær sem skuldfærðar eru vegna áfengisgjalds. Ef til vill kynni að vera réttara að fylgjast betur með innflytjendum sjálfum og frammistöðu þeirra, þ.e. skilum á gjöldum almennt, og meta þannig heimildir þeirra til skuldfærslu, jafnt á áfengisgjaldi sem og öðrum gjöldum. Sérstaklega þyrfti í þessu sambandi að beina athyglinni að nýjum innflytjendum á markaði og kanna frammistöðu þeirra.

Virgni tölvukerfis tollstjórans í Reykjavík er þannig háttað í dag, varðandi skil á skuldfærðu áfengisgjaldi, að komi til vanskila hjá innflytjanda er um sjálfvirka stöðvun að ræða. Þetta hefur það í för með sér að verði vanskil á einhverju gjaldi hjá innflytjanda (getur verið vörugjald, áfengisgjald, virðisaukaskattur eða önnur gjöld sem innheimt eru við innflutning) getur hann ekki skuldfært nein gjöld (hvorki áfengisgjald né önnur gjöld) fyrr en vanskilagjöld hafa verið greidd. Eftir sem áður getur hann hins vegar staðgreitt þau gjöld sem síðar koma til vegna innflutnings á vörum seinna meir. Til þess að innflytjandi geti skuldfært gjöld á nýjan leik verður hann því að greiða þau gjöld sem þegar eru komin í vanskil. Það er því ljóst að innflytjendur geta ekki skuldfært gjöld endalaust séu þeir komnir í vanskil. Ekkert hámark er hins vegar á skuldfærslu gjalda séu innflytjendur ekki í vanskilum.

Athugasemdir við breytingartillögur nefndar

1. brtt.

Það er mat embættisins að heppilegra kunni að vera að orða það skýrt strax í 1. málsgrein hvert uppgjörstímabil og hvaða eindaga sé um að ræða varðandi gjald af innfluttu áfengi. Heppilegast væri að gæta hér samræmis við orðalag í vörugjaldslögunum að mati embættisins.

2. brtt.

Vakin skal athygli á því að áætlun skv. 2. mgr. á eingöngu við um framleiðendur áfengis en ekki innflytjendur. Embættið leggur til að þetta komi skýrt fram í athugasemdum við ákvæðið.

Hvað varðar umrædda tillögu um að innflytjendum verði gert að greiða álag komi til vanskila er það atriði sem tölvukerfi embættisins virðist ráða við nú þegar í TBR kerfinu. Embættið leggur þó áherslu á að þetta atriði verði kannað nánar hjá Fjársýslu ríkisins.

Að mati embættisins leikur nokkur vafi á því í 3. mgr. brtt. frá hvaða tíma reikna beri dráttarvexti. Þetta þarf að koma skýrt og ótvírætt fram í sjálfum lagatextanum að mati embættisins. Lagt er til að fylgt verði þeirri fyrirmynd sem fram kemur í 7. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 390/1999 um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Þar segir: „Dráttarvextir skulu reiknaðir á vângreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga og innheimtir í ríkissjóð.”

Reykjavík, 15. mars 2004

Svana Margrét Davíðsdóttir